

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingishúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 12. nóv. 2023

Undirritaður ritar þetta bréf fyrir hönd Urvi Tours sem er ferðaskrifstofa staðsett í Mumbai á Indlandi. Þeir hafa sent 500 til 800 ferðamenn til Íslands árlega undanfarin 8 ár og hefðu sent enn fleiri ef þeir hefðu fengið vegabréfsáritanir fyrir alla þá ferðamenn sem vildu koma. Nú í haust hafði Urvi tours selt um 1100 ferðir til Íslands en fengu aðeins vegabréfsáritanir fyrir 600 ferðamenn.

Við höfum ítrekað rætt þessi mál við Utanríkisráðuneytið sem hefur reynt að aðstoða Urvi tours eins og kostur hefur verið. Vandamál Utanríkisráðuneytisins er ráðuneytið hefur takmarkaðar fjárveitingar til að sinna útgáfu vegabréfsáritana og eftir því sem umsóknir berast frá fleirum löndum, geta þeir afgreitt færri frá öðrum. Þeir bera fyrir sig Stjórnsýslulög um að allar umsóknir, frá hvaða landi sem þær berast, eigi að afgreiða á jafnræðisgrundvelli.

Sérhver ferðamaður sem sækir um vegabréfsáritun til Íslands greiðir fyrir það gjald sem rennur í ríkissjóð, en ekki til afgreiðslu áritananna. Ríkissjóður fær verulegar tekjur af umsóknargjöldunum umfram kostnað við að veita leyfin.

Gestir Urvi tours eru efnaðir einstaklingar sem tilheyra trúarhópi Hindúa sem aðeins borða grænsmæti sem ræktað er ofanjarðar. Þetta eru dýrar ferðir þar sem ferðamennirnir kaupa mikla þjónustu, og er mat þeirra sem skoðað hafa, að hver einasti ferðamaður úr þessum hópi skilji eftir sig 3-5.000 EUR á Íslandi. Það er því verulegt tap fyrir íslenska ferðaþjónustu þegar ekki er hægt að taka á móti gestum sem kaupa mikla þjónustu á Íslandi.

Nokkrar ferðaskrifstofur hafa farið á sveig við reglur um Schengen svæðið með því að fá vegabréfsáritanir til þess lands þar sem millilent er á leið til Íslands, en ekki hins raunverulega ákvörðunarstaðar, eins og reglur kveða á um. Utanríkisráðuneytið tjáði okkur að þeir teldu þetta óheimilt en hefðu ákveðið að láta kyrrt liggja.

Með bréfi þessu viljum við skora á Fjárlaganefnd Alþingis að leggja til aukna fjárveitingu til þeirra deildar Utanríkisráðuneytisins sem annast útgáfu vegabréfsáritana eða heimila ráðuneytinu að nýta þessar umfram tekjur til reksturs deildarinnar. Því hver króna sem eytt er í vegabréfsáritanir skilar sér margfalt til baka.

Virðingarfyllt,



Urvi Tours
Jónas Guðmundsson
ionas@fullnustugerdir.is
s. 897 8599